

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni:

Í íbúðarhverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferða-bifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 19. október 1984.

Bogi Nilsson.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 157 900,00

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 11 300,00

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1984 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda sem verið hefir á framhaldi Suðurhlíðar (gamla Hafnarfjarðarvegin-um) við gatnamót Kringlumýrarbrautar í Fossvogi verður afnumin. Í staðinn kemur biðskylda.